

32
19. júní.

L ö g

um

framlenging á gildi laga um útflutningsgjald.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Lög nr. 70, 27. júní 1921, skulu vera í gildi til ársloka 1923.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Magnús Jónsson.

33
19. júní

L ö g

um

rjett til fiskiveiða í landhelgi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fiskiveiðar í landhelgi við Ísland mega íslenskir ríkisborgarar einir reka, og má aðeins hafa íslenska báta eða skip til veiðanna.

2. gr.

33

Það er í lögum þessum kallað íslenskir bátar og skip, er íslenskir ríkisborg- 19. júní.
arar einir eiga.

3. gr.

Erlendir fiskimenn, er reka kynnu fiskiveiðar utan landhelgi, mega leita skjóls við strendurnar til þess að bjarga sjer undan stormi og óveðri. Annars er bannað útlendingum að hafast við við land eða í höfn, til þess að reka þaðan fiskiveiðar utan landhelgi.

Það er og bannað erlendum skipum að verka veiði í landhelgi eða á höfn-
um inni; enn er bannað öllum öðrum en íslenskum ríkisborgurum að flytja veiði
sína í landhelgi eða á land, til þess þar að verka hana.

4. gr.

Hvenær sem erlent fiskiskip leitar hafnar á Íslandi, skal skipstjóri þegar
í stað, eða svo fljótt sem unt er, og í síðasta lagi innan 24 klukkustunda eftir
að skipið hefir hafnað sig, gefa viðkomandi lögreglustjóra eða hreppstjóra eða
umboðsmanni þeirra það til vitundar, en valdsmaður skal athuga skipsskjölin
og hafa nánar gætur á því, að ekki sjeu brotin lög landsins um fiskiveiðar, versl-
un, tolla eða sóttvarnir, eða skipin fari í kringum þau lög, enda hefja rannsókn
um þau efni, ef þörf gerist.

Fyrir skoðun skipsskjalanna skal greiða lögreglustjóra eða hreppstjóra
gjald það, er ákveðið er í aukatekjulögunum. Síðan skal rita á skipshafnarskrá
skipsins vottorð um skoðunina og greiðslu lögskipaðs gjalds.

Er hreppstjóri framkvæmir skoðunina vegna lögreglustjóra, skal skifta
gjaldinu jafnt milli þeirra.

5. gr.

Er erlend síldarskip eru í landhelgi, skulu þau hafa bátana á þilfari
á venjulegum stað og vörpur eða nætur innanborðs, þó ekki í bátunum.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra getur um eitt ár í senn veitt eiganda íslensks fiski-
skips leyfi til að hafa erlenda veiðimenn við fiskiveiðarnar eða á annan hátt til
aðstoðar. Þó þannig, að helmingur skipshafnar að minsta kosti sje íslenskur.

Er íslenskur bátur eða skip einungis er notað við síldveiðar, má alt að
helmingi áhafnar, án sjerstaks leyfis, vera útlendingar.

7 gr.

Bæði útgerðarmaður og skipstjóri bera ábyrgð á því, að skipshöfn fullnægi
skilyrðunum til þess að reka fiskiveiðar samkvæmt 1. gr., sbr. 6. gr.

33

19. júní.

8. gr.

Sama rjett sem íslenskir ríkisborgarar og með sömu skilyrðum hafa þeir ríkisborgarar annara ríkja, sem með vottorði frá valdsmanni færa sönnur á, að þeir hafi haft fast aðsetur hjer í landi í 12 mánuði áður en lög þessi komu í gildi. Ennfremur getur atvinnumálaráðherra, um 3 ára bil frá því er lög þessi komu í gildi, veitt þeim útlendingum, sem eiga fiskverkunarstöðvar hjer á landi, leyfi til að verka fisk á stöðvum þessum, þrátt fyrir bannið í síðari málsgrein 3. greinar. Leyfið veitir ekki heimild til fiskiveiða í landhelgi eða til þess að nota erlend skip í bága við lög þessi.

9. gr.

Atvinnumálaráðherra getur veitt leyfi til þess, að eigendur síldarolíu- eða síldarmjölssmiðju, eða slíkra verksmiðja, megi nota erlend skip til þess að fiska fyrir verksmiðjur þessar til eiginna nota, þrátt fyrir bannið í annari málsgrein 3. greinar. Í leyfinu, sem veita má fyrir 2 ár í senn, ber að taka fram, að það veiti ekki erlendum skipum heimild til fiskiveiða eða fiskverkunar í landhelgi, og ennfremur skal tekið fram, að leyfið falli burtu, ef skilyrði þess sjeu eigi haldin í öllum greinum.

10. gr.

Pegar afli er jafnframt verkaður í skipi, sem rjett hefir til fiskiveiða í landhelgi, skal það fyrirfram setja lögreglustjóra trygging, er hann ákveður, fyrir afgangnum, sem skipið kann að eiga að greiða. Skipstjóri skal fá vottorð um, að tryggingin sje sett, og sýna ef krafist er.

11. gr.

Hlutfjelög hafa því aðeins rjett til að reka fiskiveiðar og fiskverkun í landhelgi, að alt hlutfjelð sje eign íslenskra ríkisborgara. Þó mega hlutfjelög, er ríkisborgarar annara ríkja eiga hlut í, reka fiskiveiðar í landhelgi, ef meira en helmingur hlutfjárins er eign íslenskra ríkisborgara, fjelagið á heimili á Íslandi, stjórn þess skipuð íslenskum ríkisborgurum og sje helmingur þeirra búsettur þar.

Áður en hlutfjelag byrjar starfsemi sína skulu samþyktir þess sýndar lögreglustjóra á þeim stað, þar er fjelagið á heima, eða eigi fjelagið ekki heimilisfang á Íslandi, þá á þeim stað, þar er fiskiveiðarnar byrja. Breyting á samþyktnum skal á sama hátt sýna lögreglustjóra. Þessi tilkynning og sýning leysir ekki viðkomanda frá tilkynningarskyldu samkvæmt hlutfjelagslögnum. Samþyktirnar skulu meðal annars hafa inni að halda það ákvæði, að allir hlutir skuli skráðir á nafn, og að engin afhending eða afsal á hlutum sje gild, nema hún sje skriflega tilkynnt fjelagsstjórn, er jafnóðum skal rita og ávalt hafa skrá yfir alla hluthafa, þar er þess er getið, hve mikið hver eigi af hlutfjenu. Lögreglustjóri skal gæta þess, að samþyktirnar sjeu samkvæmar lögjöfinni,

12. gr.

Með lögum þessum eru ekki skert á neinn hátt rjettindi þau, er samkvæmt sambandslögum eru veitt dönskum ríkisborgurum, eða þau rjettindi, sem samkvæmt ríkjasamningum kynnu að vera veitt öðrum.

13. gr.

Ólöglegar fiskiveiðar eða fiskverkun á íslenskum höfnum, á landi eða í landhelgi, varða sektum, frá 100—5000 kr.

Ef fleiri eru útlendir sjómenn á íslensku fiskiskipi en lög þessi heimila, varðar það 50—1000 kr. sektum. Brot gegn 4. gr. laganna varða sektum, 50—500 krónum.

Brot gegn 5. og 10. gr. laganna varða 100—2000 kr. sektum.

Að öðru leyti varða ólöglegar fiskiveiðar í landhelgi, aðrar en botnvörpuveiðar, 200—10000 kr. sektum. Auk þess skulu upptæk öll veiðarfæri og hin ólöglega eða óverkaða veiði skipsins, og andvirðið renna í ríkissjóð. Ef miklar sakir eru, má ákveða að öll veiði, sem í skipinu er, sje upptæk, svo og umbúðir, ef veiðin er síld, sem söltuð er í tunnur.

Til greiðslu á sektum og kostnaði samkvæmt lögum þessum, má leggja hald á viðkomandi skip, ef með þarf, og selja að undangenginni aðför.

Mál eftir lögum þessum skal með fara sem almenn lögreglumál. Sektir renna í ríkissjóð.

14. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. júlí 1922. Með lögum þessum eru feld úr gildi tilskipun 12. febr. 1872, lög nr. 28, 17. des. 1875, um breyting á þessari tilskipun, lög nr. 35, 27. sept. 1901, um fiskiveiðar hlutafjelaga í landhelgi við Ísland, lög nr. 10, 31. júlí 1907, um breyting á frammannefndum lögum, lög nr. 27, 11. júlí 1911, um breyting á sömu lögum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Kl. Jónsson.